

Mótafyrirkomulag og stjórnun

Á mótinu verða sex til 8 deildir . Deildirnar eru getuskiptar eftir óskum þjálfara. Deildirnar heita **Jáverk**-deildin , **TM**-deildin, **Íslandsbanka**-deildin, **SET**-deildin, **Lindex**-deildin og **Hótel Selfoss**-deildin, nefndar í höfud fyrirtækja sem hafa gengið í gegnum ýmislegt með knattspyrnudeildinni og styrkt hana í blíðu og stríðu.

Leikir hefjast kl. 09:30 á laugardaginn og lýkur keppni á laugardeginum um kl.16:30.

Á sunnudaginn byrjum við svo kl. 09:00 og klárum um um 13:00 á góðri verðlaunaafhendingu og grilli.

Fljótlega munum við senda á öll félög ósk um að skila inn leikmannafjölda og óskum um getuskiptingu í riðla.

leikreglur

Keppt er með einfaldri deildarkeppni líkt og í efstu deildum hér á landi þar sem stigahæstu lið fá verðlaun. Þrjú stig eru fyrir sigur, eitt stig fyrir jafntefli. Fimm leikmenn eru inná frá hvoru liði og er leiktími 1x 12 mínútur. Frjálsar skiptingar eru á mótinu. Allar aðrar almennar reglur líkt og á íslandsmóti KSÍ eru viðhafðar á mótinu.

„**bannað að negla regla**“ er regla sem **bannar löng útspörk** frá marki og hvetur strákana til þess að spila út frá marki. Varnarmenn verða því að hlaupa fyrir aftan miðju áður en pressa hefst. Þjálfarar aðstoða við það að halda þessari reglu út mótið

Verðlaun

Bikarar eru veittir fyrir efstu þrjú sætin í hverri deild og þá fá leikmenn þriggja efstu liðana glæsilega verðlaunapeninga gull, silfur og brons. Allir leikmenn fá vegleg þátttökuverðlaun þegar þeir koma á mótið.

Vegleg bronsstytta er veitt fyrir leikmann mótsins í hverri deild. Leikmaður mótsins er sá leikmaður sem skarar framúr á vellinum bæði frá tæknilegum sjónarmiðum en ekki síður fyrir framkomu, hátterni og virðingu sem hann sínir liðsfélögum, andstæðingum, dómurum og leiknum í heild sinni.

Mótsstjórar velja mann mótsins í samvinnu með dómurum.

Einnig verða veitt verðlaun fyrir Dómara mótsins, Þjálfara mótsins og bestu og jákvæðustu stuðningsmennina auk háttvísisverðlaunum KSÍ.

Grillveisla

Grillveisla er haldin eftir síðustu leiki á sunnudaginn. Liðin geta komið strax eftir síðasta leik og fengið sér pylsu og drykk en einnig munum við gefa strákunum ís í eftirrétt. Við verðum í stuði og gefum öllum pylsur eftir að strákarnir hafa fengið sitt á meðan við eigum á grillið

Dagskrá Kótelettunar

Bæjarhátíðin Kótelettan er á Selfossi þessa helgi og hvetjum við ykkur til að skoða dagsskrána Á HEIMASÍÐU kótelettunar, www.kotelettan.is Á staðnum verður tívolí fyrir krakkana en einnig mikil og góð dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Dómgæsla

Við leggjum mikið uppúr því að hafa góða dómgæslu á mótinu þá helst vegna þess að við viljum hjálpa strákunum að spila góðan fótbolta og leiðbeina þeim á jákvæðan hátt. Því mun meistaraflokkur karla sjá um dómgæslu á mótinu með aðstoð yngri áhugasamra dómara.

Sjoppa

Knattspyrnudeildin verður með sjoppu á staðnum þar verður hægt að kaupa allt frá girnilegum samlokum og skúffukökum, kaffi sælgæti og margt annað.

Sundlaugin

Sundlaugin er auðvita opin alla helgina og fá strákarnir allir frítt í sund eins og þeir vilja alla helgina. Við hvetjum fólk til að skella sér í sund.

Aukaupplýsingar


Verð fyrir hvern leikmann er 6.500 kr – ekkert staðfestingargjald er á mótinu- greiða þarf fyrir hvert félag í síðasta lagi 2 vikum fyrir mót - Tjaldsvæðið er á sama svæði og fótboltavellirnir og hvetjum við alla til að koma og taka helgina á Selfossi.



Bæjargarður, Tívolí



Hvíta húsið Selfossi, tónlistarskemmtun



Keppnisvellir Set- móts

Sundlaug Selfoss

Tjaldsvæði Selfoss

